

*Tillögur nefndar  
iðnaðarráðherra um aðkomu  
ríkisins að skipulagi  
og fjármögnun í ferðapjónustu*



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Maí 2008



# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	5
<b>FORSENDUR</b>	7
<b>TILLÖGUR NEFNDARINNAR</b>	9
<i>Ferðamálastofa – skýr gátt</i>	9
<i>Aukið gegnsæi í fjárveitingum</i>	9
<i>Aukið samstarf stofnana</i>	9
<i>Landshlutastofur – markvissari uppbygging</i>	9
<i>Fjölgun meginferðamannastaða (segla)</i>	10
<i>Menntun tryggð</i>	10
<i>Auknar rannsóknir</i>	10
<i>Skýrari aðkoma að stefnumótun um landnýtingu</i>	10
<i>Opinbert eftirlit einfaldað – stutt við gæðaþróun greinarinnar</i>	10
<i>Fjárfesting í markaðssetningu aukin</i>	10
<i>Promote Iceland</i>	11
<i>Aukið hlutverk Ferðamálaráðs</i>	11
<i>Auknar fjárveitingar til ferðaþjónustu</i>	11
<b>FYLGISKJÖL</b>	
<i>Erlendir ferðamenn um Keflavíkurlflugvöll 1997 – 2007</i>	12
<i>Erlendir ferðamenn um Keflavíkurlflugvöll 2007 – 2020</i>	13
<i>Gjaldeyriskjukur af ferðamönnum 1990 – 2007</i>	14
<i>Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1950 – 2007 &amp; gistinætur 1985 – 2005</i>	15
<i>Bein framlög ríkisins til ferðaþjónustu 2008</i>	16

Umsjón: Athygli almannatengsl

Hönnun og umbrot: Effekt hönnunarhús

Prentvinnsla: Prentsmiðjan.is





## Inngangur

Ferðapjónustan hefur á skömmum tíma orðið einn af höfuð-atvinnuvegum þjóðarinnar og mikilvæg uppspretta gjaldeyris-tekna. Ferðapjónusta hefur jafnframt verið einn helsti vaxtarbroddur og drifkraftur atvinnulífs og atvinnuþróunar á landsbyggðinni og henni fylgir meiri fjölbreytni í framboði á þjónustu, afþreyingu og menningu en ella væri. Áframhaldandi uppbygging og þróun innan atvinnuvegarins mun ekki eingöngu skapa atvinnu víða um land, heldur skila auknum tekjum í sameiginlega sjóði þjóðarinnar og styrkja þá ímynd um land og þjóð sem Íslendingar vilja koma á framfæri við aðrar þjóðir.

Stjórnvöld hafa frá upphafi gegnt afar mikilvægu hlutverki við uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á íslenskrri ferðapjónustu og má meðal verkefna opinberra aðila nefna stefnumótun, umsjón með leyfisveitingum og gæðaeftirliti, verndun og uppbyggingu fjölsótttra ferðamannastaða, stuðning við nýsköpun og atvinnuþróun, móttöku og upplýsingamiðlun til ferðamanna svo og landkynningu og markaðsmál.

Iðnaðarráðherra skipaði um miðjan febrúar 2008 nefnd til að gera tillögur um skipan ferðamála í tengslum við endurskoðun á ferðamálaáætlun til 2015 og rammafjárlaga til næstu fjögurra ára.

Nefndinni var gert að skila tillögum um eftirfarandi þætti:

- 1 Með hvaða hætti opinberum fjárstuðningi við einstaka þætti ferðamála væri best skipað.
- 2 Á hvern hátt stjórnvöld geti stuðlað að árangursríku skipulagi í ferðámálum innanlands.
- 3 Hvernig stjórnvöld geti tryggt samstarf og sem besta nýtingu fjármuna í markaðsmálum ferðapjónustunnar og almennri landkynningu.

Formaður nefndarinnar var skipuð Svanhildur Konráðsdóttir, sem einnig er formaður Ferðamálaráðs, en auk hennar voru í nefndinni alþingismennirnir Árni Páll Árnason og Ólöf Nordal, Adolf H. Berndsen, formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðvesturlandi, Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, Jón Karl Ólafsson, fráfarandi formaður Samtaka ferðapjónustunnar, Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, Sigríður Á. Snævarr, sendiherra og Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðapjónustu bænda.

Nefndinni til ráðuneytis var Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri ferðamála í iðnaðarráðuneytinu. Nefndin fékk einnig Sævar Kristinsson, ráðgjafa hjá Netspori, sér til aðstoðar. Elias Bj. Gíslason, forstöðumaður upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálastofu var starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hélt alls sjö fundi. Í starfi sínu greindi nefndin ýmsa grundvallarþætti og gildi sem tillögur hennar hvíla á og verður hér gerð grein fyrir þeim.





## Forsendur

### Aðkoma hins opinbera

Til að tryggja stöðir ferðaþjónustunnar þarf aðkoma ríkisvaldsins að ferðaþjónustunni að vera fólgin í aðgerðum á eftirfarandi 10 sviðum:

- ▶ **Grunngerð** samfélagsins sé þannig að hún styðji sem best við ferðaþjónustuna, stuðla þarf að stöðugleika efnahagslífs og tryggja öryggi borgara og gesta.
- ▶ **Innviðir** verði efldir, s.s. með því að tryggja öflug og örugg samgöngu- og fjárskiptakerfi um allt land.
- ▶ **Stefnumótun** hins opinbera sé skýr.
- ▶ Staðinn sé vörður um **öryggi og gæði**, m.a. með því að koma á einföldu og skilvirku kerfi gæðaeftirlits og leyfisveitinga.
- ▶ **Sjálfbærni** ferðaþjónustu sé eflid, s.s. með áherslu á samfélagsleg gildi, mannauð og hreina orku, á grunni skýrrar og markvissrar stefnu.
- ▶ **Aðgengi** að náttúrunni sé tryggt þannig að hún skaðist ekki, en sem flestir fái að njóta hennar nú og um ókomin ár.
- ▶ **Menning** mismunandi landsvæða verði dregin fram og gefið það gildi og vægi sem henni ber sem einni af grunnstoðum ferðaþjónustu í landinu sem og sögu þjóðarinnar. Lögð verði rækt við strandmenningu, sveitamenningu, borgarmenningu, matarmenningu og samtímamenningu í allri sinni fjölbreytni.
- ▶ Stuðlað verði að **uppbyggingu og nýsköpun** með áherslu á þætti sem geta orðið meginaðdráttarafli (seglar) svæða.
- ▶ Hið opinbera leiði **heildstæða markaðssetningu** og kynningu á landinu þar sem sjálfbærni, menning og náttúra verða í forgrunni.
- ▶ **Mælanleiki** ferðaþjónustunnar sé tryggður svo og samanburður við aðrar atvinnugreinar, s.s. með innleiðingu hliðarreiknings við þjóðhagsreikninga, skv. alþjóðlegum staðli (Tourism Satellite Account (TSA)), og aukin áhersla lögð á rannsóknir þannig að raunveruleg hagstærð og umfang ferðaþjónustunnar sé skýrt fram sett og upplýsingar byggðar á traustum grunni.





# Tillögur nefndarinnar

Nefndin leggur ríka áherslu á að lykilatridi í aðkomu hins opinbera að skipulagi og fjármögnun í ferðapjónustu skuli vera:

- ▶ **GEGNSÆI**
- ▶ **LANGTÍMAHUGSUN**
- ▶ **HEILDSTÆÐ NÁLGUN**
  
- ▶ **SJÁLFBÆRNI**
- ▶ **MÆLANLEGUR ÁRANGUR**

Tillögur nefndarinnar endurspeglar áhersluna á ofangreind atriði og telur nefndin nauðsynlegt að eftirfarandi tillögur endurspeglar í rammafjárlögum 2009–2012.

## 1. Ferðamálastofa – skýr gátt

Í starfi nefndarinnar kom fram að væntingar til starfsemi Ferðamálastofu væru óljósar enda hafi mörg framkvæmdaverkefni á sviði ferðamála verið vistuð í ráðuneyti á undanförunum árum, sem eðlilegra hefði verið að vista hjá Ferðamálastofu. Jafnframt hafi ekki alltaf verið skýrt hver virðisauki af starfsemi stofnunarinnar hafi verið.

Nefndin leggur því til að aðkoma hins opinbera að skipulagi og fjárveitingum á vettvangi ferðamála verði skýrð. Lagt er til að Ferðamálastofa verði eflað sem opin og greiðfær gátt fyrir aðkomu hins opinbera að ferðapjónustu. Í þessu felst m.a. að framkvæmdaverkefni og umsjón með liðum á fjárlögum sem snúa að ferðamálum og nú eru vistuð í ráðuneyti flytjast til Ferðamálastofu. Slíkur tilflutningur eflir heildstæða yfirsýn og skýra ábyrgð á öllum þeim þáttum sem hingað til hafa ýmist verið vistaðir í ráðuneyti eða hjá Ferðamálastofu. Jafnframt verði tengsl Ferðamálastofu við atvinnugreinina eflað. Þetta gerist samhliða því að starfsemi Ferðamálastofu og skipulag sé tekið til endurskoðunar; verkefni skýrt skilgreind og fjárveitingar tryggðar í samræmi við það verksvið sem henni verði falið að sinna.

## 2. Aukið gegnsæi í fjárveitingum

Nefndin bendir á nauðsyn þess að bæta enn frekar vinnubrögð í tengslum við styrkveitingar til ferðapjónustu. Þannig verði leitað umsagnar Ferðamálastofu um styrkbeiðnir á sviði ferðamála sem eru til umfjöllunar hjá opinberum aðilum.

Þá verði gerðar samræmdar kröfur um áætlanagerð umsækjenda, gæði verkefna og eftirfylgni verkefna frá opinberum aðilum. Enn fremur verði kannað hvort unnt sé að fella allar opinberar styrkveitingar tengdar ferðapjónustu undir fagráðuneyti ferðamála.

Verklag af þessum toga myndi að mati nefndarinnar leiða til aukins gegnsæis í úthlutun og tryggja skilvirkari meðferð fjármuna en nú er.

## 3. Aukið samstarf stofnana

Nefndin telur að mörg tækifæri felist í því að efla samstarf stofnana sem þjóna íslenski ferðapjónustu. Er hér ekki síst horft til þeirra þriggja stofna sem eru innan iðnaðarráðuneytisins: ferðamála, byggðamála og nýsköpunar – en jafnframt er mjög brýnt að tryggja þétt samstarf og upplýsingamiðlun á milli Ferðamálastofu og opinberra stofnana á sviði útflutnings og umhverfismála.

Lagt er til að komið verði á samstarfsvettvangi forsvarsmanna Ferðamálastofu, Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Útflutningsráðs og Umhverfisstofnunar undir forystu ferðamálastjóra. Hlutverk þessa stjórnendateymis sé m.a. að miðla upplýsingum og leita tækifæra til samstarfs og samlegðar. Aukið samstarf er mikilvægt skref til að tryggja faglega, markvissa og gegnsæja aðkomu ríkisins að ferðapjónustunni og getur einnig leitt til skilvirkari verkaskiptingar. Í samræmi við tillögu 2 er lagt til að Ferðamálastofa þjóni samstarfsvettvanginum sem umsagnaradili um umsóknir og verkefni er tengjast ferðapjónustu og eru til meðferðar hjá öðrum stofnunum.

## 4. Landshlutastofur – markvissari uppbygging

Svæðistengd aðkoma hins opinbera að uppbyggingu ferðapjónustu í landinu hefur ekki verið nægilega markviss og sér þessa m.a. stað í tilviljanakenndri uppbyggingu og ótryggum rekstri markaðsstofa og upplýsingamiðstöðva víða um land.

Nefndin leggur til að úr þessu verði bætt og rík áhersla verði lögð á að byggja upp net landshlutastofa með skýrt skilgreindum samningum til fjögurra ára í senn. Lagt er til að landinu verði skipt upp í svæði á grunni sameiginlegra, svæðisbundinna hagsmuna og að aðkoma hins opinbera sé m.a. skilyrt við afgerandi aðkomu sveitarfélaga, ferðaþjónustufyrirtækja og allra annarra hagsmunaaðila innan hvers svæðis.

Samningar skulu byggja á stöðluðum grunni þar sem stefnumörkun, markmiðssetningu og árangursmati er beitt til að nýta sem best það fé sem varið er til uppbyggingar, upplýsingamiðlunar, markaðs- og kynningarstarfs, vöruþróunar og nýsköpunar, svo og í vaxtar- og menningarsamninga á hverju svæði.

Æskilegt er að fleiri en eitt ráðuneyti komi að þessu verkefni og að þar með verði til nýr og skilvirkari farvegur fyrir markvissa uppbyggingu ferðaþjónustu sem byggir á styrkleika og sérstöðu hvers svæðis fyrir sig.

## 5. Fjölgun meginferðamannastaða (segla)

Fjölga ber meginferðamannastöðum (seglum) um land allt, enda er aukin dreifing ferðamanna um landið einn af lykilþáttum þess að ferðaþjónusta verði sjálfbær atvinnugrein og að komið verði í veg fyrir að gengið sé á hennar helstu auðlind, þ.e. landið sjálft.

Nefndin leggur til að stuðningur við þróun nýrra segla verði m.a. hluti af starfssviði svæðisbundinna landshlutastofa (sbr. tillaga 4). Jafnframt er lagt til að fé til verndunar og viðhalds á ferðamannastöðum verði aukið verulega frá því sem nú er og að Ferðamálastofu verði gefin aukin tækifæri til að hlúa að þessum mikilvæga þætti íslenskrar ferðaþjónustu með aðkomu og ákvarðanatöku.

## 6. Menntun tryggð

Tryggt verði að starfs- og grunnnám endurspegli þörf ferðaþjónustunnar á hverjum tíma og að kennsluefni verði gert aðgengilegt jafnt innlendum sem erlendum starfsmönnum eins og frekast er kostur. Kannanir hafa sýnt að ferðamenn hafa miklar væntingar til þeirrar þjónustu sem þeir kaupa hér á landi. Aðgengilegt starfsnám á fjölbreyttum grunni er forsenda þess að unnt verði að tryggja gæði og fagmennsku innan ferðaþjónustunnar.

## 7. Auknar rannsóknir

Rannsóknir eru ein af forsendum þess að vöxtur og viðgangur greinarinnar skili sem mestum arði, hvort sem er fjárhagslegum, menningarlegum eða umhverfislegum. Lagt er til að ráðuneytið beiti sér fyrir því að úthlutunarreglum opinberra rannsóknarsjóða

verði breytt þannig að ferðaþjónustan eigi þar greiðari aðgang en nú er. Þá leggur nefndin jafnframt til að rannsóknir á háskólastigi verði eflar, m.a. hjá Ferðamálasetri og Háskólanum á Hólum.

## 8. Skýrari aðkoma að stefnumótun um landnýtingu

Hlutur ferðamála í stefnumörkun um landnýtingu og skipulag verði eflur og tryggt að tekið verði tillit til ferðaþjónustu við ákvarðanir um verndun eða annars konar nýtingu náttúruverðmæta. Í þessu felst að gætt verði hagsmuna ferðaþjónustu við ákvarðanir um uppbyggingu þjóðgarða og við skipulag á vinsælum ferðamannastöðum.

Mikilvægt er að möguleikar á innheimtu þjónustugjalda á viðkomustöðum ferðamanna verði metnir í þessu samhengi, sem og aðrir möguleikar til aðgangsstyrkingar, í samhengi við raunkostnað af þeirri aðstöðu sem byggja þarf upp. Nefndin leggur til að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands verði falið að vega og meta kosti og galla við innheimtu þjónustugjalda.

## 9. Opinbert eftirlit einfaldað

### – stutt við gæðaþróun greinarinnar

Nefndin leggur til að allt opinbert eftirlit með ferðaþjónustu verði sameinað og framkvæmdin falin faggiltum skoðunarstofum. Með því er dregið verulega úr kostnaði og fyrirhöfn rekstraraðila. Framkvæmd opinbers eftirlits af þessum toga verði samþætt gæðakerfi greinarinnar, þar sem eftirlit með gæðum þjónustunnar verði hluti af eftirliti skoðunarstofa til frekara hagræðis fyrir rekstraraðila. Ferðamálastofa skal vera faglegur eftirlitsaðili í samráði við ferðaþjónustuaðila. Því er lagt til að Ferðamálastofa gangist fyrir því að fagleg umræða um gæðamál verði eflað meðal ferðaþjónustuaðila.

## 10. Fjárfesting í markaðssetningu aukin

Öflug og markviss markaðssetning er grundvallaratriði, eigi ferðaþjónusta á Íslandi að halda áfram að vera sú mikilvæga stoð sem hún nú er – hvort sem horft er til gjaldeyristekna, atvinnusköpunar, byggðastyrkingar eða menningarmiðlunar.

Ferðaþjónusta á Íslandi líður fyrir núverandi fyrirkomulag sem einkennist af skammtímahugsun og sveiflukenndum fjárfestingum hins opinbera í markaðssetningu landsins.

Neikvæð umræða um flugsamgöngur út frá umhverfissjónarmiðum kallar á aukinn kraft í markaðssetningu. Að öðrum kosti er hætt á að Ísland missi niður þann vöxt sem hingað til hefur einkennt greinina.

Reynslan sýnir að fjárfestingu í landkynningu hafa fylgt verulega auknar tekjur innan atvinnugreinarinnar. Vitað er að gjaldeyris-tekjur af ferðapjónustunni voru rúmlega 56 milljarðar árið 2007. Í greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (útg. janúar 2004) eru færð rök fyrir því að þessi tala sé tvöfalt hærri vegna óbeinna og afleiddra áhrifa, áætlaðar tekjur af erlendum ferðamönnum voru því 168 milljarðar árið 2007. Verulegur hluti þessa fjár rennur til hins opinbera í formi virðisaukaskatts og ýmissa annarra gjalda, s.s. olúgjalds, áfengisgjalds, flugvallaskatts o.s.frv.

Hagur hins opinbera af aukinni fjárfestingu í markaðssetningu er því augljós og hagsmunir af slíkri fjárfestingu víðtækir og skila sér ekki síst í auknum möguleikum hins opinbera til að sinna þjónustu við íbúa landsins.

Nefndin leggur eindregið til að fjárfesting hins opinbera í markaðssetningu taki mið af langtímahugsun sem sé nauðsynleg til að ná megi árangri í mjög harðri samkeppni um erlenda ferðamenn.

### 11. Promote Iceland

Nefndin tekur undir tillögur sérsveitar forsætisráðherra um ímyndarmál Íslands og telur að mikil tækifæri geti falið í stofnun sameiginlegrar markaðsstofu eða -vettvangs fyrir Ísland. Telur nefndin brýnt að Promote Iceland taki til starfa eigi síðar en 1. janúar 2009.

Verði Promote Iceland að veruleika í þeirri mynd sem ímyndarnefndin leggur til fylgja því tækifæri fyrir ferðapjónustuna. Bent er á kosti þess að Ferðamálastofa dragi úr rekstrarkostnaði við svæðisskrifstofur sínar og verði þar með ekki lengur framkvæmdaðillinn í markaðssetningu erlendis – en eigi þess í stað kost á að nýta fjármuni til beinna verkefna og einnig þjónustu Promote Iceland þar sem samlegð við aðrar greinar ætti að leiða til betri nýtingar fjármuna. Með því fyrirkomulagi ætti að vera hægt að sinna markaðssetningu áfangastaðarins Íslands á mun fleiri lykilmörkuðum en núverandi fyrirkomulag býður upp á.

Nefndin bendir jafnframt á mikilvægi þess að koma aftur á fót samstarfsverkefnum við greinina á vettvangi markaðsmála. Aðferðafræðin „króna á móti krónu“ skilaði góðum árangri og mikilvægt er að kanna samsvarandi leiðir til að samnýta fjárfestingu fyrirtækjanna í greininni og opinberra aðila – hvort sem það verður innan vettvangsins Promote Iceland eða m.v. óbreytt fyrirkomulag.

### 12. Aukið hlutverk Ferðamálaráðs

Skv. lögum um ferðamál nr. 73/2005 skipar ráðherra tíu fulltrúa í Ferðamálaráð til fjögurra ára sem skal gera tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðapjónustunnar. Jafnframt skal ferðamálaráð vera ráðherra til ráðgjafar um áætlanir í ferðamálum. Ferðamálaráð skal veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað sem ráðherra felur því eða ráðið telur ástæðu til að taka upp í þágu ferðapjónustunnar.

Nefndin telur að skýra þurfi hlutverk Ferðamálaráðs og fela því viðfangsefni í samræmi við ýmsar þær breytingar sem nefndin leggur til. Þannig gæti Ferðamálaráð komið að mótun samningsmarkmiða um stofnun landshlutastofa, verið stefnumótandi í þróun og markaðsmálum ferðapjónustunnar auk þess að halda áfram ráðgefandi hlutverki sínu gagnvart ráðherra. Þetta mun styrkja mjög samband greinarinnar og opinberra aðila þegar kæmi að því að nýta opinbert fé í stór verkefni.

Þetta kallar á endurskoðun á samsetningu fulltrúa í Ferðamálaráði svo starfsemi þess verði markvissari og ráðið nýttist að fullu sem samstarfsvettvangur greinarinnar, landshlutastofanna og ferðamálayfirvalda.

### 13. Auknar fjárveitingar til ferðapjónustu

Nefndin leggur til fjárfestingar í landshlutastofum, uppbyggingu ferðamannastaða svo og í markaðssetningu, sbr. liði 4, 5 og 10.


**Landshlutastofur:** Lagt er til að ríkið styðji rekstur slíkra stofa með 50% framlagi á móti framlagi sveitarfélaga og fyrirtækja.

Fjárfesting í verndun og viðhaldi ferðamannastaða: Nú er veitt 65 milljónum á ári í þetta verkefni en umsóknir eru allt að 200 milljónir. Lagt er til að fjárveitingar til þessa verkefnis verði auknar og að varið verði 180 milljónum á ári til þessa verkefnis.

Fjárfesting í markaðssetningu: Fjárfesting í markaðsstarf á erlendum vettvangi hefur bein áhrif á fjölda ferðamanna og afrakstur af ferðapjónustunni. Gert er ráð fyrir að framlag til þessa liðar muni nema 500 milljónum árlega á næstu fjórum árum og að aðferðafræðin „króna á móti krónu“ verði tekin upp á nýju ef hægt er. Ísland þarf að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirhugaða útfærslu og biðja niðurstöðu stofnunarinnar áður en þeim er hrint í framkvæmd. Þetta er tilkomið vegna samningssskuldbindingum okkar vegna EES.



# Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll 1997-2007\*



## Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll 1997 - 2007

	1997	1998	1999	2000	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Norðurlönd	56.157	63.602	77.523	85.281	71.952	80.924	94.096	92.578	102.593	119.388
N-Ameríka	30.866	44.160	47.230	57.111	47.614	47.801	51.847	57.697	60.216	58.231
Bretland	19.847	27.208	30.201	43.897	42.415	52.973	59.856	57.792	67.392	73.324
Þýskaland	27.939	30.326	29.261	31.233	30.965	36.807	38.539	36.959	38.487	40.555
Frakkland	8.913	10.213	12.890	14.146	18.088	20.345	21.482	20.066	21.068	22.670
Ítalía, Spánn	6.932	8.925	11.054	11.668	11.301	14.117	15.083	15.304	16.839	19.924
Holland	7.478	9.248	9.188	9.794	9.596	10.726	11.014	10.948	11.511	14.404
Annað	25.841	27.399	30.309	36.288	38.376	45.075	56.616	64.808	80.519	110.393
<b>Alls</b>	<b>183.973</b>	<b>221.081</b>	<b>247.656</b>	<b>289.418</b>	<b>270.307</b>	<b>308.768</b>	<b>348.533</b>	<b>356.152</b>	<b>398.625</b>	<b>458.889</b>

\*Engar talningar árið 2001.

## Hlutfallsleg (%) aukning/fækkun milli ára 1997-2007\*

	1997-98	1998-99	1999-00	2000-02	2002-03	2003-04	2004-05	2005-06	2006-07	1997-07**
Norðurlönd	13,3%	21,9%	10,0%	-15,6%	12,5%	16,3%	-1,6%	10,8%	16,4%	
N-Ameríka	43,1%	7,0%	20,9%	-16,6%	0,4%	8,5%	11,3%	4,4%	-3,3%	
Bretland	37,1%	11,0%	45,3%	-3,4%	24,9%	13,0%	-3,4%	16,6%	8,8%	
Þýskaland	8,5%	-3,5%	6,7%	-0,9%	18,9%	4,7%	-4,1%	4,1%	5,4%	
Frakkland	14,6%	26,2%	9,7%	27,9%	12,5%	5,6%	-6,6%	5,0%	7,6%	
Ítalía/Spánn	28,8%	23,9%	5,6%	-3,1%	24,9%	6,8%	1,5%	10,0%	18,3%	
Holland	23,7%	-0,6%	6,6%	-2,0%	11,8%	2,7%	-0,6%	5,1%	25,1%	
Annað	6,0%	10,6%	19,7%	5,8%	17,5%	25,6%	14,5%	24,2%	37,1%	
<b>Alls</b>	<b>20,2%</b>	<b>12,0%</b>	<b>16,9%</b>	<b>-6,6%</b>	<b>14,2%</b>	<b>12,9%</b>	<b>2,2%</b>	<b>11,9%</b>	<b>15,1%</b>	<b>8,7%</b>


\*Engar talningar árið 2001.

\*\*Meðal vöxtur pr. ár frá 1997

**Heimildir:** Útlendingaeftirlitið, brottfarir erlendra gesta um Leifsstöð 1997-2000.  
Ferðamálastofa, brottfarir erlendra gesta um Leifsstöð 2002-2005.


# Erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll 2007 - 2020

Framreikningur miðaður út frá spá WTO (3,8%) og Ferðamálastofu (8,7%)



Ár	UNWTO (3,8%)	FMS (8,7%)
2007	458.889	458.889
2008	476.327	498.812
2009	494.427	542.208
2010	513.215	589.380
2011	532.717	640.656
2012	552.960	696.393
2013	573.972	756.979
2014	595.783	822.836
2015	618.423	894.423
2016	641.923	972.238
2017	666.316	1.056.822
2018	691.636	1.148.766
2019	717.918	1.248.708
2020	745.199	1.357.345

## Gjaldeyrstekjur af ferðamönnum 1990 - 2007




	<i>Tekjur alls í þúsundum milljóna</i>	<i>Neysla innanlands í þúsundum milljóna</i>	<i>Fargjaldatekjur í þúsundum milljóna</i>	<i>Gengi USD</i>
1990	13.572	8.806	4.766	58,23
1991	14.157	8.684	5.473	59,04
1992	13.362	8.124	5.238	57,52
1993	15.747	9.764	5.983	67,74
1994	17.804	10.595	7.209	69,83
1995	19.915	12.004	7.911	64,69
1996	20.755	11.722	9.033	66,50
1997	22.006	12.021	9.985	70,78
1998	26.336	14.633	11.703	70,92
1999	27.498	16.070	11.428	72,22
2000	30.459	17.967	12.492	78,66
2001	37.720	22.881	14.839	97,53
2002	37.137	22.835	14.302	91,24
2003	37.305	24.531	12.774	76,57
2004	39.335	26.079	13.256	69,95
2005	39.760	25.752	14.008	62,71
2006	46.945	31.078	15.867	69,61
2007	56.215	40.543	15.672	64,01



# Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1950 - 2007 og gistinætur 1985 - 2005

Innkomustaðir: Keflavík, Seyðisfjörður, Egilsstaðir og Akureyri



Ár.	Erl. ferðam	Gistinætur
1950	4.400	
1955	12.800	
1960	12.800	
1965	28.900	
1970	53.000	
1975	71.500	
1980	70.000	
1985	97.500	815.000
1990	141.700	1.029.000
1995	189.800	1.270.000
2000	302.900	1.737.000
2005	374.100	2.233.000
2007	485.000	2.645.000

Heimild: Ferðamálastofa og Hagstofan

# Bein framlög ríkisins til ferðapjónustu 2008

Úr fjárlögum 2008 í millj.

11-501	Ferðamálastofa	
	Almennur rekstur:	
1.01	Ferðamálastofa	90,5
1.05	Landkynningarskrifstofur erlendis	164,7
1.11	Ferðamálasamtök landshlutanna	57,0
1.15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	14,3
1.21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	64,3
	<b>Almennur rekstur samtals</b>	<b>390,8</b>
	Sértekjur	-13,3
	Gjöld umfram tekjur	377,5

11-599	Ýmis ferðamál	
	Almennur rekstur:	
1.44	Markaðssókn í íslenskrri ferðapjónustu	30,0
1.47	Markaðssetning Íslands í Norður-Ameríku	48,5
1.53	Ferðapjónusta á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti	80,0
1.90	Ýmis ferðamál	58,2
1.98	Ýmis ferðamál lðnaðarráðuneytið	75,4
	<b>Almennur rekstur samtals</b>	<b>292,1</b>
	<b>Samtals framlög lðnaðarráðuneytis til ferðapjónustu 2008</b>	<b>669,6</b>





